



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

ÍSAN1BB05

Íslenska sem annað mál - taláfangi

Kennari: Sigprúður Harðardóttir
--

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem lokið hafa einni önn í íslensku sem öðru máli eða hafa grunnþekkingu sem metin er jafngild einni námsönn. Markmiðið er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og auka orðaforða. Lesin verður einföld saga þar sem unnið er með framburð, lesskilning og málfræði.

Undanfari: ÍSAN1AA05

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans og hæfniviðmiðum þrepsins
- réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- mismunandi tjáningarmáta málsins

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita orðaforða sem hann ræður yfir
- lesa einfaldan texta, greina aðalatriði hans og geta tjáð sig um hann
- beygja algengar sagnir í töluðu máli

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- Tjá skoðun sína
- Miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum

Námsefni

- Íslenska – tölum saman. Kennslubók fyrir byrjendur.
- Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, skáldsaga (léttlestur), dagbók, ljósritað efni, netefni o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og matsverkefni
1.- 4.	2. janúar – 29. janúar	<ul style="list-style-type: none"> • Skólinn og atvinna (kennslubók) • Ferðalög, frí, veður, náttúra <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur. Sagnorð.</p>	Ritunarverkefni (ferðaáætlun) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni
5.-8.	30. janúar – 26. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> • Líkaminn og heilsan (kennslubók) • Íþróttir og hreyfing <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga Ritunarverkefni
9.-13.	27. febrúar – 31. mars	<ul style="list-style-type: none"> • Heimili og umhverfi (kennslubók) • Heimilisstörf, húsbúnaður og tæki <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Skáldsaga Skrifa dagbók og lesa upp.
15.-18.	12. apríl – 5. maí	<ul style="list-style-type: none"> • Lokaverkefni <p>Nemendur vinna lokaverkefni um sjálfvalið viðfangsefni. Skrifleg skil og munnleg kynning fyrir samnemendur. Kennslu lýkur.</p>	Ritunarverkefni og munnleg kynning Munnlegt próf Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni
19.-22.	8.-30. maí	Klára ef einhverjir eiga eftir að ljúka námsmatsverkefnum.	

Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni	20%
Skáldsaga	Skrifleg og munnleg verkefni	10%
Ritun og tjáning	Ritunarverkefni og munnlegur flutningur	20%
Virkni og þátttaka	Þátttaka í samræðum, samvinna og virkni í kennslustundum	30%
Munnleg próf	Tvö próf á önninni, 10% hvert	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Í janúar 2023

Sigprúður Harðardóttir